

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 180/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar kemur:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9001	Hvítkál	11.04.-30.06.97	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. apríl 1997.

F. h. r.

Jón Höskuldsson.

Ólafur Friðriksson.

Nr. 228

4. apríl 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 363/1996 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1996-1997.

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsl., er verður 3. málsl., svohljóðandi:

Þá skal seljandi leggja fram þinglýsingarvottorð fyrir það lögbýli sem selt er frá og skriflegt samþykki allra veðhafa fyrir sölnunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. apríl 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.